



Stjórnarfundur AKÍS

Staður og tími: Zoom - 15. mars 2022 kl. 19:30

Mætt: Helga Katrín Stefánsdóttir (HKS), Baldvin Hansson (BH), Halldór Viðar Hauksson (HVH), Aðalsteinn Símonarson (AS), Hanna Rún Ragnarsdóttir (HRR), Aðalbjörg Ósk Sigmundsdóttir (AÓS)

Fjarverandi: Einar Gunnlaugsson (EG), Fylkir Jónsson (FJ), Aron Steinn Guðmundsson (ASG), Árni Gunnlaugsson (ÁG),

HKS ritaði fundargerð.

1. Öryggisráð

Ný skipan í öryggisráð mun fara fram eftir ársþing. Umræður fóru fram um að ræða störf öryggisráðs á næsta ársþingi sambandsins. Erla Sigríður Sigurðardóttir hefur sagt sig úr öryggisráði. Stjórn AKÍS þakkar henni kærlega fyrir samstarfið og alla þá vinnu sem hún hefur lagt á sig fyrir í Íslenskar akstursíþróttir.

2. Gjaldskrá AKÍS

Formaður lagði til að fella niður gjaldið á sér keppnisnúmerum. Samþykkt var að vísa þessu máli til næsta stjórnarfundar.

3. Framkvæmdarstjórnarfundur Evrópu

Þann 30. mars fer fram framkvæmdastjórafundur FIA fyrir Evrópu. Samþykkt var að staðgengill framkvæmdastjóra myndi sitja þennan fund.

4. Starf framkvæmdastjóra

Umræða fór fram um tillögu sem verður lögð fyrir ársþing varðandi starf framkvæmdastjóra.

5. Fjármál sambandsins

Drög ársreiknings voru lögð fram til samþykktar stjórnar. Umræður fóru fram og ákveðið var að halda auka stjórnarfund föstudaginn 18. mars til að klára samþykkt á ársreiknings.

6. Fjárhagsáætlun

Drög að fjárhagsáætlun lögð fyrir stjórn til samþykktar. Nokkrir gjaldaliðir þarfnast nánari skoðunar. Stjórn fól staðgengli framkvæmdastjóra að kanna þau mál og samþykkt fjárhagsáætlunar er sett á dagskrá auka stjórnarfundar þann 18. mars.

7. Önnur mál



Öryggisbúraskoðun - Stjórn þarf að vinna í að fá fleiri aðila til að taka að sér að skoða öryggisbúr. Þið hefur verið á að fá tíma fyrir skoðun vegna manneklu. Unnið er að því að fá fleiri aðila að verkefninu.

Næsti fundur Auka stjórnarfundur 18. mars kl 19:30

Fundi slitið kl. 21:39